

HVERS VEGNA STEFNUMÖRKUN Í MENNINGARMÁLUM?

Menningarstefna er grundvallarforsenda fyrir langtíma áætlanagerð í menningarmálum, en skýr stefnumótun auðveldar einnig samræmingu aðgerða milli ólíkra sviða innan stjórnkerfisins sem áhrif hafa á menningarlífið. Menningarstefnur innihalda að öllu jöfnu grundvallaratriði sem tjá gildi menningar fyrir ákveðið samfélag, þörf á opinberum stuðningi og aðstæðum sem nauðsynlegar eru fyrir blómlegt menningarlíf. Segja má að stefnumótandi aðilar í menningarmálum vinni að sumu leyti á sviði andstæðra afla – annars vegar samfélagslegrar túlkunar menningar, og hins vegar menningar í listrænum skilningi, eða „ars pro arte“. Ofuráhersla á notkun menningar sem „tæki“ eða samfélagslegs afls getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir gildi menningar sem uppsprettu frumhugmynda og listrænna túlkana. Þess vegna er mikilvægt að skapa ákveðið jafnvægi milli þessara tveggja hliða – uppbyggileg notkun menningar í þágu samfélagsins verður aðeins möguleg ef listrænum innri gildum er gefið svigrúm til að þróast.

FORSAGA

Þegar menningarstefna Reykjavíkurborgar var mótuð og samþykkt árið 2001 var hún sú fyrsta og eina sinnar tegundar á Íslandi burtséð frá menningarstefnu menntamálaráðuneytisins um menningu á landsbyggðinni er samþykkt var ári fyrr. Síðan þá hafa menningarstefnur sprottið upp víðsvegar um landið í ýmsum bæjar- og sveitafélögum og árið 2013 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út menningarstefnu ríkisins.

Stefnumörkunin var á sínum tíma skref í áttina að heildstæðari sýn og skipulagi í menningarmálum borgarinnar. Mikil og góð vinna var lögð í stefnumótunina allt frá síðla árs 1999 og samráð haft við stóran hóp fólks úr menningarlífinu. Stefnumörkunin lagði til markmið og leiðir í menningarmálum, hún gaf tóninn í forgangsröðun og áherslum í styrkveitingum og starfi menningarstofnanna svo eitthvað sé nefnt.

Í henni voru 7 kaflar – eða markmið:

- **Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna**
- **Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði**
- **Menningarstofnanir borgarinnar gegni fjölþættu hlutverki sínu á framúrskarandi hátt**
- **Menning og listir séu aðgengilegar öllum borgarbúum**
- **Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi**
- **Menningarlífið í borginni einkennist af víðsýni og gagnkvæmri virðingu í samskiptum fólks af ólíkum uppruna**
- **Skipulag menningarmála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss**

Vinnuhópurinn sem vann að fyrstu menningarstefnunni var skipaður þeim Signýju Pálsdóttur, Jóni Björnssyni, sem bæði unnu hjá Reykjavíkurborg, Tinnu Gunnlaugsdóttur og Margréti Hallgrímsdóttur. Með vinnuhópnum störfuðu fimm faghópar sem tóku til allra listgreina.

Stefnan var endurskoðuð reglulega en engin tímamörk voru á henni. Á haustdögum 2007 fór af stað vinna við endurskoðun þeirrar menningarstefnu, en þörf þótti á að bregðast við breytingum sem átt höfðu sér stað í þjóðfélaginu á þeim 6 árum síðan stefnan var samþykkt. Einnig þótti nauðsynlegt að skýra betur umgjörð stefnunnar; einkum að marka stefnuna til ákveðins tíma og skilgreina nánar

hlutverk Reykjavíkurborgar í menningarlífinu. Sú ákvörðun var tekin að stefnan næði til 4 ára, eða frá 2009-2012. Þannig væri skýrt að reglulega færi fram gagnger endurskoðun þar sem forsendur eru endurmetnar og stefnan þar með aðlöguð aðstæðum í menningarlífinu og samfélaginu hverju sinni. Það er eðli menningarstefnu að vera lifandi og taka sífelldum breytingum er markmiðum er náð og önnur ný skjóta upp kollinum.

Önnur menningarstefna Reykjavíkurborgar, Menning er mannrækt 2008 – 2012, var samþykkt 16. júní 2009. Í henni eru 8 kaflar:

- **Auðlind sem byggt er á til framtíðar**
- **Börn og menningaruppeldi**
- **Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar**
- **Listir**
- **Samkennd og jafnræði**
- **Umhverfi og saga**
- **Alþjóðleg menningarborg**
- **Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar**

Starfshópin skipuðu Áslaug Friðriksdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Sif Sigfúsdóttir, Svanhildur Konráðsdóttir og Signý Pálsdóttir.

Núgildandi menningarstefna, Menning er mannréttindi, var samþykkt af borgarstjórn 20. maí 2014 og gildir til ársloka 2020. Um margt svipar henni til þeirra eldri en það var nýmæli að gerð var aðgerðaráætlun sem fylgiskjal stefnunnar og skyldi uppfæra árlega í samræmi við samþykktu stefnumörkun og fjárhagsáætlun borgarinnar.

Leiðarljós menningarstefnunnar er þríþætt. Í fyrsta lagi að Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Í öðru lagi að sjálfsmynd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Og í þriðja lagi að menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.

Stefnunni er skipt í níu kafla:

- **Auðlind**
- **Börn og menningaruppeldi**
- **Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar**
- **Listir**
- **Aðgengi og þátttaka**
- **Samkennd og jafnræði**
- **Umhverfi og saga**
- **Alþjóðleg menningarborg**
- **Menning í stafrænum miðlum**
- **Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar**

Starfshópin skipuðu: Einar Örn Benediktsson, Stefán Benediktsson, Davíð Stefánsson, Svanhildur Konráðsdóttir og Signý Pálsdóttir.

Við endurskoðun menningarstefnunnar var haft gott samráð við Bandalag íslenskra listamanna og aðra helstu samstarfsaðila borgarinnar í menningarmálum auk þess sem litið var til annarrar stefnumótunar svo sem nýrrar menningarstefnu ríkisins og menningarstefnu erlendra borga.

VINNAN FRAMUNDAN

- Hverjir skipa starfshóp
- Á að ráða „starfsmann“ líkt og var gert 2008 og 2012
- Á að innlima viðburðastefnu (sem stóð til að gera en vinnu er ekki lokið) og gera hana hluta af menningarstefnunni ?
- Á að innlima fjölmenningsstefnuna „Rætur og vængi“
- Er æskilegt að kalla saman samráðshóp á vinnufund með fulltrúum frá t.a.m.:
 - o Menningarstofnunum borgarinnar
 - o Borgarleikhúsi
 - o Tjarnarbíói
 - o Hörpu
 - o BÍL
 - o RÚV
 - o Listaháskólanum
 - o Borgarhátíðum
 - RIFF
 - Iceland Airwaves
 - Hönnunarmars
 - Hinsegin dagar
 - RDF
 - Myrkir músíkdagar
 - o Bókmenntaborg
 - o Tónlistarborg
 - o mennta- og menningarmálaráðuneyti
 - o Bíó Paradís
 - o Dansverkstæði
 - o Nýlistasafn
 - o Kling og Bang

Aðalspurningin er ef til vill sú, hvort hugmyndin sé eingöngu að uppfæra núgildandi stefnu, eða á hinn bóginn að fara í ítarlega endurskoðun sem fæli í sér t.a.m. skoðun á samsvarandi stefnum nágrannaþjóða, greinargóðu samtali við hagaðila hér á landi, samráði við önnur svið borgarinnar o.fl. Reikna má með að slík vinna tæki 6 – 8 mánuði. Á meðan fyrri leiðin væri bæði ódýrari og tæki skemmri tíma.

SG.

SEPTEMBER – OKTÓBER 2020:

- Starfshópur um endurgerð menningarstefnu skipaður
- Undirbúningsvinna – kynning á stefnumörkun annarra borga, yfirferð á árangri og stöðu núverandi menningarstefnu.
- Drög lögð að því hverjir verpi samstarfs/samráðsaðilar verkefnisins
- Huga þarf að því hvort finna/ráða þurfi starfsmann til að vinna með starfshópnum, halda utan um samráðsfundi, vinna úr gögnum o.s.frv.

NÓVEMBER – DESEMBER 2020

- Samráðsfundir haldnir með stórum og fjölbreyttum hópi samstarfs/samráðsaðila

JANÚAR – MARS 2021

- Unnið úr gögnum samráðsfundanna
- Tillögur að markmiðum stefnunnar mótaðar út frá gögnum samráðsfundanna
- Tillaga að efnisgrind menningarstefnunnar mótuð
- Vinna með tillögur að markmiðum á smærri samráðsfundum
- Drög að stefnu lögð fyrir starfshópinn

APRÍL – JÚNÍ 2021

- Fyrstu drög stefnunnar send til umsagnar á breiðan hóp umsagnaraðila
- Ritstjórnarvinna
- Ný menningarstefna lögð fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð